

Minnisblað um störf eftirlitsnefndar árið 2008

Um nefndina

Í nefndinni eiga sæti:

Sævar Sigurgeirsson, löggiltur endurskoðandi, formaður

Þórður Skúlason, fv. framkvæmdastjóri

Guðni Geir Einarsson, deildarsérfræðingur, til og með 23. október 2008 og frá 24. október 2008
Hafdís Karlsdóttir.

Varamenn eru frá 24. október 2008:

Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri,

Guðmunur Fr. Sigurðsson, löggildur endurskoðandi,

Halldór V. Kristjánsson, sérfræðingur

Starfsmaður nefndarinnar er Jóhannes Finnur Halldórsson.

Nefndin hélt 17 fundi á árinu 2007.

Almennt um störf nefndarinnar.

Nefndin starfar samkvæmt reglugerð nr. 374/2001 með síðari breytingum, (829/2003, 352/2005), en sú reglugerð er sett á grundvelli VI. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Hlutverk eftirlitsnefndarinnar er að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga og gera nauðsynlegar athuganir á þróun þeirra. Leiði athugun nefndarinnar í ljós að afkoma sveitarsjóðs er ekki í samræmi við 5. gr. eða fjármál sveitarfélagsins stefni að öðru leyti í ófni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum. Samhliða skal nefndin upplýsa ráðuneytið um álit sitt.

Nefndinni er heimilt að gera samning við sveitarfélag um aðgerðir, eftirlit og eftirfylgni er leitt gæti til lausnar á fjárhagsvanda þess sem staðfestur skal af ráðherra.

Ráðherra er rétt að beina einstökum málum er varða fjármál sveitarfélaga til eftirlitsnefndar og þarfnast nauðsynlega athugunar og aðgerða í samræmi við reglugerð þessa. Ofangreind reglugerð með breytingum er birt á heimasíðu stjórnarráðsins.

Málefni sveitarstjórna fluttist frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis samkvæmt stjórnsmálasáttmála ríkisstjórnar Geirs H. Haarde. Tók sú ákvörðun gildi 1. janúar 2008.

Fjárhagsáætlanir 2008 og þriggja ára áætlanir 2009-2011.

Í samræmi við ákvæði VI. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og reglugerðar, nr. 374/2001, hefur eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga kannað ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2007 með hliðsjón af fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

Samkvæmt 61. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 skal sveitarstjórn fyrir lok desembermánaðar afgreiða fjárhagsáætlun og skv. 66. grein sömu laga skal senda ráðuneytinu strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar fjárhagsáætlunina og sama skilaskilda gildir um þriggja ára áætlun skv. 63. grein, en henni skal skila tveim mánuðum síðar, eða um mánaðarmótin febrúar, mars.

Á fundi nefndarinnar í lok janúar kom fram að skil á fjárhagsáætlun hafi valdið vonbrigðum og verður að finna leiðir til þess að áætlunum verði skilað á réttum tíma. Það er ekki fyrr en 19.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

mars, sem hægt er að leggja fram samanburðartölur úr fjárhagsáætlunum. Þann 14. apríl er lokið við að fara yfir áætlanir 2008 og gefa þær ekki tilefni til frekari aðgerða, en innheimta þurfi nokkrar greinagerðir vegna þess að áætlaður var halli í A-hluta. Þriggja ára áætlanir gáfu því ekki tilefni til frekari skoðunar.

Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 790/2001 segir: “Afgreiði sveitarstjórn fjárhagsáætlun, ársreikning eða þriggja ára áætlun með halla skal hún senda eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga greinargerð um ástæður hallans, aðgerðir til að bæta þar úr og áætlun um framtíðarhorfur í rekstri sveitarfélagsins. Greinagerðin skal fylgjan fjárhagsáætlun, ársreikningi og þriggja ára áætlun sem send er félagsmálaráðuneyti, sbr. 66. og 72. gr. sveitarstjórnarlaga.”.

Ársreikningar 2007.

Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 skal senda ráðuneytinu áritaðan ársreikning ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna fyrir 15. júní ár hvert. Þrátt fyrir það skal samkvæmt fyrstu málsgrein sömu lagagreinar ársreikningur fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyri lok aprílmánaðar.

Fyrir 15. júní á árinu 2008 oru 63 sveitarfélög búin að skila eða 80%, til samanburðar voru 31 sveitarfélög (39%) búin að skila ársreikningi á sama tíma árið áður.

Fjöldi sveitarfélaga sem skilaði rekstri A-hluta sveitarsjóðs með halla hefur verið sem hér segir:

Árið 2002	33
Árið 2003	58
Árið 2004	37
Árið 2005	30
Árið 2006	29
Árið 2007	5

Þessi fimm sveitarfélög sem skila A-hluta með halla eru:

4100 Bolungarvíkurkaupstaður	Þús.kr.	79.231
6501 Grímseyjarhreppur	“	10.696
6706 Svalbarðshreppur	“	5.647
6709 Langanesbyggð	“	7.555
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	“	38

Sveitarfélög skulu skila greinargerð til eftirlitsnefndarinnar, sé hallarekstur á sveitarsjóði samkvæmt ársreikningi eða áætlunum.

Eftirfarandi sveitarfélög komu til sérstakrar skoðunar:

	Afkoma þús.kr	Eigið fé	Pen.l.staða pr.íbua
	<0	<30%	<-300
1400 Hafnarfjarðarbær		17,3%	-631 þús.kr
1603 Sveitarfélagið Álftanes			-685 þús.kr
1604 Mosfellsbær			-335 þús.kr
3709 Grundarfjarðarbær		25,6%	-508 þús.kr
3714 Snæfellsbær		23,2%	
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	-79.231	28,0%	
6501 Grímseyjarhreppur	-10.696	29,7%	-416 þús.kr
6706 Svalbarðshreppur	-5.647		
6709 Langanesbyggð	-7.555		

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	-38	21,0%	-322 þús.kr
7300 Fjarðabyggð		26,8%	-803 þús.kr
7617 Djúpvogshreppur			-395 þús.kr
8716 Hveragerðisbær		23,5%	-314 þús.kr
Próun:			
4200 Ísafjarðarbær	125.817	36,4%	-146 þús.kr

Til frekari skoðunar kom Bolungarvíkurkaupstaður og hófust viðræður á haustdögum. Þann 7. október var gerður samningur milli sveitarfélagsins og EMFS. Í framhaldi var farið í vinnu með bæjaryfirvöldum að skoða stöðu og leiðir til að náð verði viðunandi árangri í rekstri og fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins. Sú vinna var enn í gangi í upphafi árs 2009.